



Alþingi
Erindi nr. P 127/449
komudagur 10.12.2001

10. desember 2001.

Umsögn meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 8. desember, fjallað um 9. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 348. mál og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Dagný Brynjólfssdóttir frá heilbrigði- og tryggingamálaráðuneytinu og Sigurð Guðmundsson, Hauk Valdimarsson og Vilborgu Ingólfssdóttur frá landlæknisembættinu.

Í greininni er lagt til að 8. tölul. 1. mgr. 24. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, þar sem sjúkraheimili, eða sjúkrahótel, eru felld undir skilgreiningu á sjúkrahúsi, verði felldur brott.


Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og fer hér á eftir umsögn meiri hluta nefndarinnar. Að álit meiri hlutans standa Jónína Bjartmarz, Tómas Ingi Olrich, Ásta Möller, Katrín Fjeldsted og Stefanía Óskarsdóttir.

Meiri hluti nefndarinnar vill af þessu tilefni leggja áherslu á eftirfarandi atriði. Meiri hlutinn telur mikilvægt að ráðist verði í gagngera endurskoðun á því hvað teljist sjúkrahúsþjónusta og mótuð heildarstefna til framtíðar um það hvaða þjónustu skuli veita inni á sjúkrahúsum og hvað sé betur komið utan þeirra. Meiri hlutinn lítur svo á að sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu sé skref í rétta átt hvað þetta varðar enda fer engin eiginleg sjúkrahússtarfsemi fram á sjúkraheimilum eða sjúkrahótelum, þótt þau séu mikilvægt þjónustuform fyrir sjúklinga sem sækja þurfa þjónustu á sjúkrahúsi eða eru að jafna sig eftir sjúkrahúsvist. Meiri hlutinn vill því leggja áherslu á að sú þjónusta sem veitt er á sjúkraheimilum er afar mikilvæg og jafnframt að þessi breyting mun á engan hátt draga úr eða skerða þá þjónustu. Með breyttri skilgreiningu fæst jafnframt lagaheimild til að innheimta hóflegt gjald vegna fæðiskostnaðar og tekin af öll tvímæli um að slík innheimta sé heimild. Samkvæmt umsögn fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að sú gjaldtaka skili 10 m.kr. tekjum á árinu 2002 og er það í samræmi við framsetningu í fjárlagafrumvarpi.

Meiri hlutinn leggur til að 9. gr. frv. verði **samþykkt** óbreytt.

Virðingarfyllst,

f. h. meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar


Agúst Geir Ágústsson.

NEFNDASVIÐ ALÞINGIS